

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2013****2013/EES/31/22****frá 1. febrúar 2013****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagsvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/505/ESB frá 17. september 2012 um viðurkenningu á Egyptalandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 56jo (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/76/ESB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„56jp. **32012 D 0505**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/505/ESB frá 17. september 2012 um viðurkenningu á Egyptalandi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 57).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2012/505/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 57.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.